

Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd reglugerðar um slátrun og meðferð sláturafurða.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hvaða sláturhús hafa starfsleyfi frá ráðuneytinu án þess að uppfylla allar kröfur reglugerðar nr. 461/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða? Hvaða kröfur eru ekki uppfylltar í hverju tilviki og hversu langur frestur hefur fengist til úrbóta?
2. Hve mörgum sláturhúsum hefur verið synjað um starfsleyfi á grundvelli þess að þau uppfylli ekki reglugerðina síðan hún tók gildi og hvaða ákvæði eru það sem hvert og eitt hefur ekki uppfyllt?

Skriflegt svar óskast.